



Reykjavík, 15. febrúar 2026

USK25030044

UMSÖGN VIÐ TILLÖGU

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa framkvæmda og fasteignaþjónustu

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 5. mars 2025, var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins

Lagt er til að girðing verði reist í kringum Gervigrasvöllinn á Klambratúni. Völlurinn verði jafnframt lýstur upp.

Tillögunni var vísað til umsagnar, umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds 12. mars 2025.

Umsögn:

Núverandi sparkvöllur var var kosinn 2018 í gegnum lýðræðisverkefnið „Hverfið mitt“ 2018 og framkvæmdur 2019-2020. Þarna var áður sparkvöllur og kosið var um að gera sparkvöllinn betri.

Fjármagn takmarkaði útfærslu á vellinum og einnig þurfti framkvæmdin að samræmast heildarskipulagi Klambratúns. Ekki var gert ráð fyrir að setja upp batta fótboltavöll með flóðlýsingu sem er töluvert stærri og dýrari framkvæmd og þannig íþróttarmannvirki þurfa að vera innan lóðar, samræmast skipulagi og er byggingarleyfisskyld framkvæmd.

Talið var fullnægjandi að setja háar girðingar á skammhliðunum, þ.e. aftan við mörkin en ekki með langhliðum vallarins og svæðið var ekki lýst.

Það má vel hugsa sé að setja upp frekari girðingar og lýsingu ef fjárveitingar fengjust til þess. Eðlilegast væri þó að hanna lýsingu fyrir allt svæðið sbr. hér að neðan.

Unnið var að stefnumörkun fyrir Klambratún sem kynnt var í ráðum 2020. Þar er gert ráð fyrir að rýmið þar sem sparkvöllurinn er verði „hreyfisvæði“ þar sem auk núverandi sparkvallar og klifursteins komi bretta- og hjólabrautarsvæði sem og minni boltavöllur og strandblakvöllur.

Reiknað er með að halda áfram með þessi áform og hanna þegar fjárveitingar liggja fyrir.

Virðingarfyllst,
Guðni Guðmundsson
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa framkvæmda og fasteignaþjónustu



Reykjavík